Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Skagafjarðar er heimilt að krefjast frekari tryggingar fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar er samþykkt af samgöngunefnd 30. ágúst 2004 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum og er til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar frá 1. júlí 2003.

Sauðárkróki, 21. september 2004.

Ársæll Guðmundsson hafnarstjóri.

Nr. 780 17. september 2004

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Áskrifandi sem óskar eftir númeraflutningi milli fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 3. og 5. grein skal gera þjónustusamning við fjarskiptafyrirtækið sem áskrifandinn vill skipta við. Áskrifandi skal óska eftir þjónustusamningi skriflega eða á rafrænu formi.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 17. september 2004.

Hrafnkell V. Gíslason
e.u. **Friðrik Pétursson.**

Friðrik Pétursson.